

Annar og þriðji gosdagur í Eyjum

Ég var rétt kominn niður á jörðina í tvöföldum skilningi úr leiðangri fréttamanna til Heimaeyjar þriðjudagsmorgunn 24. janúar, þegar næsta kall kom.

Pessi 24. janúar var öðru vísi en bræður hans. Árið var 1973 og Heimaey nýklofin að austanverðu af jarðeldi. Símtal ofan úr Háskóla tók fljótt af og ég þar með orðinn skutilsveinn ágæts vísindamanns, Arne Noe-Nygaards, frá kóngsins Kaupinhöfn. Þeir kollegar Arne og Sigurður Þórarinsson ætluðu til Vestmannaeyja. Hægri hönd Sigurðar var fylgdarmaður hans um langt skeið, Halldór Ólafsson, — síðar einn af hallamælingameisturum Kröfluelda.

Flugmálastjórn léði tvíhreyflu sína á miðvikudagsmorgun og þótti okkur Sigurjón flugmaður harla vel klæddur til ferðarinnar. Hann bar hatt og var í hvítri skyrtu með bindi, — flaug eins og engill.

Við komuna til Eyja var ljóst að gosið var í rénun. Syðri hluti sprungunnar var óvirkur. Enn voru Kirkjubæirnir heilir. Okkur var skilað í verbúðir Ísfélagsins þar sem við skyldum búa. Stundu síðar héldum við snarlega þaðan upp fyrir Helgafell og niður með gosstöðvunum að vestanverðu. Aldrei þessu vant var rauða skotthúfan ekki á höfði Sigurðar. Allir bárum við byggingarvinnuhjálma, sem helst líktust Bretahjálmunum úr síðustu heimsstyrjöld. Altént var þó hjálmurinn Sigurðar gulur.

Parna var reynt að komast eins nærri eldunum og gæruúlpurnar leyfðu. „Það má fara nær“, sagði Sigurður, er ég snéri undan, og hann gaf Arne olnbogaskot. Ekki vissu þeir af hraunklessunum tveimur sem skullu með þyti á vikrinum milli mín og þeirra, enda voru þeir alllangt undan við gígrúgöldin.

Við Kirkjubæina var nokkur mannfjöldi með tvo vörubíla að bjarga úr húsunum. Þar voru líka fréttamenn er svifu á Sigurð og vildu endilega vita hve lengi gosið myndi standa. Ekki vildi Sigurður segja nákvæmlega til um það, en ýjaði að 2–3 mánuðum. Sá danski sagði: „Vi mæler tiden efterpå — við mælum tímann eftir gos“ og fréttamennirnir nóteruðu það og kinkuðu kalli. Enginn

minntist á framtíð bæjarins. Í þeim efnum voru allir jafn óvissir og kvíðnir. Vindátt gat ekki verið svona hagstæð lengi. Hvað myndi gerast í fyrsta suðaustanveðrinu? Angi af svári kom fyrr en varði. Meðan við dvöldum við Kirkjubæina sló fyrir austangiólu og gjallmolar byrjuðu að falla við hús-in. Mannskapurinn færði sig um stund en við flýttum okkur niður að sjó þar sem hraunkanturinn mjakaðist skáhallt eftir ströndinni og gjóskuþrengingar voru í sjó frammi. Undir nóttina brunnu fyrstu húsina austast í bænnum.

Um kvöldið vildi Sigurður ólmur fara austur að Kirkjubæjarrústunum. Þar stjálkuðum við í hita og svækju með tenntar húsarústirnar kolsvartar í baksýn, berandi í rauðan eldvegginn.

Stuttu eftir komu okkar niður í Ísfélag heyrðust smellir á þakinu. Herbergjadyr við ganginn í hús-inu voru rifnar upp hver á fætur annarri og menn hópuðust út á ganginn.

„Assgotinn, þá er það byrjað“, sagði einhver.

Sigurður var manna fyrstur út á gang. Hann gerði engan stans. Hélt niður og út með úlpuna á öxlunum. Á eftir honum geystist Halldór og veifaði stígvélapari Sigurðar, hrópandi nafn hans. Hjálmurinn gleymdist alveg. Ég held að Halldór hafi náð Sigurði á sokkaleistunum úti á götu. Arne Noe-Nygaard brosti breitt meðan við gengum niður. Er út kom var ljóst að gjóskufallið var minna en menn héldu. Fyrsta stóra áhlaupið kom ekki fyrr en næsta kvöld. Þá höfðu menn þegar áhyggjur af inn-siglingunni og upp undir tuttugu hús urðu eld-inum að bráð.

Þá nótt dömluðum við á Lóðsinum gegnum roðin gufuský vestan við hraunstálið til að lóða dýpið. Beljandinn frá gosstöðvunum yfirgnæfði önnur hljóð og kvikustrókar gnæfðu yfir hraun og gufu. Glögggt mátti sjá hvernig glóandi gjóska lagði yfir bæinn. Menn sögðu fátt og vísindamennirnir okkar tveir voru sérdeilis þungir á brún, jafnvel afundnir.

Snortnir vísindamenn hljóta jafnan að vera góð-ir fræðimenn og nytsamir.

Ari Trausti Guðmundsson